

Reykjavík, 19 maí 2020

Sveinspróf í málaraiðn.
Sveinspróflýsing.

Ágæti próftaki.

Lýsing á verklegum hluta.

Tveir gífsplötuveggir annar 1.20 x 2.40 hinn 2.40 x 2.40 mætast í kverk sem á að sparslast. Einnig skulu samskeyti platna spörtluð og sett í borðar eða grisja og kantar sparslaðir. Á veggjunum eru gólflistar sem vinna skal eins og lýsing hurða segir til um. Veggir skulu grunnaðir, blettsparslaðir og málaðir þannig að áferð myndi gallalaus heild. Samtals eru veggfletir 8.6 m². **Veggmynd og veggfletir málaðir með hefðbundinni innanhússmálningu með 7%-10% gljástigi.**

Veggur 1.

2.40 x 2.40 Á þessum vegg er gömul eða ný hurð, sem skal lakkast með háglansandi vatnsþynntu lakk, í einum lit. Vinnulýsing hurðar og lista. Kvistalakk, grunnun, spartlað eftir þörfum þannig að flötur sé sléttur og gallalaus, grunnaður, málaður, slípaður undir lakk og lakkaður með pensli. Áferð og útlit skal vera slétt, ryklaust og án galla. Á neðri hluta þessa veggjar skal lasúera með minnst tveimur litum að vali próftaka stærð 1.20 x 2.40. Lasúera skal í báðu megin og undir hurðina sem er á þessum vegg. Á efri hluta veggjarins skal mála með þekjandi málningu, logó, þema, stafi eða ártal uppgafið af prófnefnd stærð. Í þennan hluta má nota plotter.

Veggur 2

1.20 x 2.40 Á þennan vegg hluta skal mála veggmyndina sem skal framvísa í prófbyrjun sveinsprófs á pappír í stærðinni 30cm x 42cm. Prófnefnd ákveður í hvaða stækkun hún er. Mjög mikilvægt er að hún sé stækkuð í réttum hlutföllum og sé í sömu litum og fyrirmyndin. Skreytingin skal bæði hafa beinar línur og bognar og að lágmarki í þremur litum.

Límbönd eru eingöngu leyfð til vörslu en ekki til skurðar. Öll efni eru vatnsþynnt og skal próftaki leggja sér þau til ásamt þeim verkfærum sem til þarf. Ryksuga við slípun æskileg.

Skriflegt próf: 10 spurningar um fagið, efnafræði og vinnuaðferðir. 2 tímar

Litalögun: 3 litir lagaðir eftir þrúfum. 3 tímar

Athugið að umgengi á prófstað er hluti af prófinu. Heildartími verklegs, lita og skriflegs prófs eru 40 tímar.

Þeir nemendur sem telja sig þurfa sérúrræði í þrófum er bent á að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa löunnar sími. 5906400 og radgjof@idan.is fyrir 26 maí nk

Virðingarfyllst,
f.h.sveinsprófsnefnd í málaraiðn

Erlendur Eiríksson